

Fyrirspurn E 12/2024
Flytjandi Flokkahópur miðjumanna
Viðtakendur Ríkisstjórnir Norðurlandanna og Norræna ráðherranefndin

Skrifleg fyrirspurn um forsendur fyrir skapandi atvinnugreinar á Norðurlöndum

Til ríkisstjórna Norðurlandanna og Norrænu ráðherranefndarinnar

Menning hefur lengi verið snertiflötur norræns samstarfs og menningin er einnig mikilvæg fyrir vinsældir og samkeppnishæfni Norðurlanda. Samstarfsáætlun um menningarmál 2021-2024 inniheldur meðal annars eftirfarandi markmið: „Nýskapandi lista- og menningarlíf festi Norðurlönd í sessi sem eftirsóknarvert og sýnilegt menningarsvæði í heiminum.“

Tækniþróun og hnattvæðing hafa haft mikil áhrif á forsendur fyrir skapandi greinar. Spurningar um höfundarrétt og dreifingu verka á mismunandi formi hafa lengi verið í umræðunni. Nú sjáum við hvernig gervigreind verður í sífellt auknum mæli hluti af sköpuninni. Hún gefur mörgum listamönnum ný verkfæri en felur einnig í sér nýjar áskoranir. Til dæmis er nú hægt að bjóða verk sem búin eru til af gervigreind á lægra verði en áður og þá setur þróunin einnig málefni höfundarréttar að hluta til í nýtt samhengi.

Í norrænu löndunum hefur lengi verið fast fyrirkomulag fyrir m.a. greiðslur tónlitarmanna fyrir notkun verka þeirra í mismunandi samhengi. Er við stöndum frammi fyrir þessum nýju áskorunum höfum við hagsmuni af því að fá skýrari mynd af stöðunni í norrænu löndunum og til hvaða aðgerða hefur verið tekið eða er fyrirhugað að taka. Í Finnlandi hefur til dæmis verið gerður vaxtarsamningur fyrir skapandi greinar sem ætlað er að stuðla að samráði milli opinberra aðila og greinanna.

Í tengslum við gervigreind má einnig nefna gerð ESB um gervigreind sem má búast við að einnig verði mikilvæg.



Með hliðsjón af þessu beinum við eftirfarandi spurningum til ríkisstjórna Norðurlanda og ráðherranefndarinnar:

Til ríkisstjórna Norðurlanda

Hvernig er fyrirkomulag greiðslna til skapandi atvinnugreina í norrænu löndunum? Hvaða aðgerðir hafa verið teknar eða verða teknar í norrænu löndunum til að mæta þessari hröðu tækniþróun?

Er sameiginleg norræn sýn á skattlagningu fjölþjóðlegra fyrirtækja á menningarsviði?

Til Norrænu ráðherranefndarinnar

Hefur ráðherranefndin einhver áform um að auka samstarf eða samræmingu norrænu kerfanna á þessu sviði?

Þórshöfn, 8. apríl 2024

Hanna Katrín Friðriksson (V)
Heidi Greni (Sp)
Jouni Ovaska (cent)
Anna Starbrink (L)
Líneik Anna Sævarsdóttir (F)
Anna Falkenberg (Sb)
Rebecka le Moine (MP)
André N. Skjelstad (V)

Bella Forsgrén (gröna)
Guðmundur Ingi Kristinsson (FF)
Kjerstin Wøyen Funderud (Sp)
Johan Dahl (Sb)
Mikko Ollikainen (sfp)
Sandra Listerby (Lib)
Hanna Räsänen (cent)